

Borgarráð 11. júlí 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um grasslátt á umferðareyjum MSS24070041

Nú hefur meirihlutinn og skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar ákveðið að draga úr garðslætti í Reykjavíkurborg í því skyni að breyta grassvæðum í náttúruleg svæði. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um um hvaða svæði er helst að ræða sem ekki hafa verið slegin í sumar en hafa að öllu jöfnu verið slegin og hreinsuð síðustu ár.

Óskað er upplýsinga um hvort haft hafi verið samráð við nærliggjandi íbúa þessara svæða og einnig hvort borist hafa kvartanir vegna ákvörðunarinnar.

Greinargerð

Flokki fólksins leist ekki illa á þessa hugmynd að draga úr slætti á fyrirfram skilgreindum svæðum enda hafði fulltrúi Flokks fólksins lagt sjálfur fram tillögu um að dregið verði úr slætti á mönum og umferðareyjum. Mikilvægt er þó að hafa eitthvað samráð við nærliggjandi íbúa í það minnsta að ákvörðunin hafi verið kynnt vel fyrir borgarbúum svo það skapist ekki einhver misskilningur eða sú hugsun að Reykjavíkurborg hafi einfaldlega sést yfir að slá og hreinsa grasfleti og svæði sem ávallt hafa verið slegin á sumrum